




ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

Flórgoðinn

ALLIR nemendur í skólafatnað!!

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Skólafatnaður, mátun og afhending
- Samræmd próf í 4. og 7. bekk
- Fyrirlestur um aga og uppeldi
- Skólabíllinn
- Skólaþróunarverkefni
- Snemma í háttinn
- Brunavarnarvika
- Árgangastjórar
- Skólaliða vantar
- Skólaheiti



Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Eins og öllum er kunnugt hefur skólastarf raskast verulega undanfarnar vikur og í raun óvíst hvert framhaldið verður næstu vikur. Í raun má segja að við vitum að kennsla eigi að vera með eðlilegum hætti fram að n.k. þriðjudegi 9. nóvember.

Forráðamenn og nemendur eru hvattir til að fylgjast vel með fréttum mánudaginn 8. nóvember því þá ætti tölningu í atkvæðagreiðslu kennara og skólastjórnenda vegna miðlunartillögu að ljúka.

Menntamálaráðuneyti sendi skólanum bréf í vikunni og tilkynnti að samræmd próf í 4. og 7. bekk hefðu verið dagsett á nýjan leik síðla þessa mánaðar. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta kemur mér á óvart en samt ekki á óvart. Nú halda einhverjir að skólastjóri sé skyldur Ragnari Reykás með svona fullyrðingu en svo er alls ekki þó þeir eigi kannski eitthvað sameiginlegt !!!

Undirrituðum þykir nefnilega með ólíkindum að könnun sem þessari sé skellt á fáeinum dögum eftir að skólastarf hefst á nýjan leik. Röskun á skólastarfi

bitnar að sjálfsögðu á okkur öllum en ekki síst á nemendum. Það tekur þá ákveðinn tíma að koma námi og skipulagi náms í fastar skorður og ég held ég megi fullyrða að það verði alls ekki allir nemendur "komnir í girinn" þegar þeir eiga að fara að þreyta samræmt próf í íslensku og stærðfræði. Viðkomandi ráðamenn slá því eflaust upp að prófin séu nauðsynlegt mælitæki milli ára vegna samanburðar á árangri og hæfni nemenda í 4. og 7. bekk. Gott og vel en þessar ágætu kannanir breytast ár frá ári hvað áherslur varðar og því fer hugsanlegur samanburður út um þúfur. Ákvörðun ráðuneytis er mér því illskiljanleg.

Í Flórgoðanum að þessu sinni eru ýmsar upplýsingar. Helstar eru kannski upplýsingar um skólafatnað í skólanum okkar. Boðað er til mátunar síðar í þessari viku og er nauðsynlegt að allir mæti til að máta og panta fatnað. Margir hafa þegar pantað flíspeysur en nú eru smekklegar buxur komnar í hús og þær þarf að máta. Notkun skólafatnaðar er einn þáttur af reglum

skólans og venjum sem hér gilda. Því er skólafatnaður ekkert val. Skólafatnaður bætir skólabrag og anda, fækkar neikvæðum áreitum á milli nemenda, eykur vinnuaga og einbeitingu nemenda og öryggi þeirra í skólanum. Ég vænti þess því að forráðamenn mæti með börnum sínum í lok vikunnar til mátunar á fatnaðinum.

Í blaðinu er einnig minnst á skólaþróunarverkefni sem Áslandsskóli er aðili að ásamt nokkrum erlendum skólum. Sannarlega áhugavert verkefni.

Vendula Hingarova frá Prag sem var hér sem aðstoðarkennari í dönsku hefur nú flogið heim til Tékklands. Vendula stóð sig mjög vel, indæl og vinnusöm stúlka sem á örugglega eftir að halda góðu sambandi við skólann í framtíðinni.

Í lok nóvember er brunavarnarvika hjá nemendum í 3. bekk skólans. Ég vil þó hvetja alla forráðamenn til að fara yfir mál tengdum brunavörnum og að sýna varkárni í umgengni við eld.

ALLIR NEMENDUR Í SKÓLAFATNAÐ

Mátun skólafatnaðar fer fram fimmtudaginn 4. nóvember kl. 15:00 - 17:30 og föstudaginn 5. nóvember kl. 15:00 - 17:00.
Afhending skólafatnaðar gegn greiðslu eða staðfestingar þess að greiðsla hafi farið fram verður mánudaginn 8. nóvember kl. 15:00 - 17:00.

Fyrir 1. – 7. bekk saman stendur af buxum, bol(langerma/stutterma) og flíspeysu.

Fyrir 8. – 10. bekk saman stendur fatnaðurinn af bol(langerma/stutterma) og flíspeysu.

Hægt er að velja um liti á bolum og flíspeysum. Margir hafa þegar pantað flíspeysur en ekki greitt fyrir þær(enda á það ekki að vera búið). Foreldrar geta síðan keypt aukafatnað.

Skólafatnaður er hluti af sérkennum Áslandsskóla og notkun hans samkvæmt skólareglum.

Tegund:	Verð m/ vsk:	Fjöldi :	Stærð: Sjá fyrir neðan:*	Samtals:
---------	-----------------	-------------	--------------------------------	----------

Buxur	3.500.-			
Langermabolur hvítur	1.200.-			
Langermabolur rauður	1.200.-			
Langermabolur blár	1.200.-			
Stuttermabolur hvítur	1.000.-			
Stuttermabolur rauður	1.000.-			
Stuttermabolur blár	1.000.-			
Flíspeysa rauð	3.200.-			
Flíspeysa blá	3.200.-			
Samtals kr. m/vsk =				

Nemandi:	Kennitala:
Forráðamaður:	Kennitala:
Heimili:	
Póstnúmer:	Sveitarfélag:
Heimasími:	Farsími:

ATHUGIÐ VANDLEGA

Við mátnu og pöntun fær viðkomandi ljósrit af sínum pöntunarseðli. Þar er hægt að reikna út heildarverð.

Fyrir afhendingu þarf síðan að vera búið að leggja inn heildarupphæð á reikning 1101 – 05 – 417218 kennitala 631002-2930 í Sparisjóði Hafnarjarðar. Nafn nemanda eða kennitala hans þarf að koma fram sem skýring greiðslu.

AGI OG UPPELDI

Símenntunarstofnun
Kennaraháskóla
Íslands heldur
fræðslukvöld fyrir
foreldra í samstarfi við
SAMFOK, Heimili og
skóla og menntagatt.is.

Fræðslukvöldið er
haldið í
Kennaraháskóla
Íslands v/Stakkahlíð
klukkan 20.00 - 22.00.

Verð 1.000 kr.

09. nóv. □ □□□ □□

uppeldi

Fyrirlesarar: □□□□□□

Kristjánsson dósent og
Ragnhildur Bjarnadóttir
dósent við
Kennaraháskóla
Íslands.



Nemendur mæti fyrr í skólabílinn

*Nemendur á leið í
skólaíþróttir og sund
verða að mæta
tímanlega í röð til að
fara í skólabílinn.
Nokkuð hefur borið á
því að nemendur hafi
verið seinir við upphaf
skóladags og misst
þar af leiðandi af
bílnum. Bíllinn fer af
stað 15 mín fyrir
skráðan tíma og því
mikilvægt að allir séu
mættir stundvíslega.*

Samræmd próf í 4. og 7. bekk 2004

Menntamálaráðuneytið
sendi skólastjóra bréf
dagsett þann 1. október
síðastliðinn, þar sem
tilkynnt var um frestun
samræmdra prófa í 4.
og 7. bekk grunnskóla
vegna yfirstandandi
verkfalls
grunnskólakennara.

Að því gefnu að

skólahald verði með
eðlilegum hætti á
næstu vikum hefur
menntamálaráðuneytið
ákveðið að samræmd
próf í 4. og 7. bekk
verði haldin sem hér
segir:

**Íslenska í 4. og 7.
bekk fimmtudagur 25.
nóvember kl. 9:30 -**

12:00

**Stærðfræði í 4. og 7.
bekk föstudagur 26.
nóvember kl. 9:30 -**
12:00

Ákvörðun þessi er tekin
í samráði við
Námsmatsstofnun sem



Skólaþróunarverkefni

Áslandsskóli tekur þátt í skólaþróunarverkefni með skólum í Tyrklandi,
Ungverjalandi, Póllandi og Hollandi sem lýtur að tungumálanámi.
Verkefni þetta varð mögulegt eftir að styrkveiting fékkst hjá
Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands, svokallað Comeniusarverkefni.
Verkefnið ber yfirskriftina **“Culture Capsule”**. □□□□□□□□ □□ □□□□

verða eru nemendastýrð og fjalla um menningarheima ofangreindra
landa frá sjónarhóli barnanna.

Jenný Berglind Rúnarsdóttir, enskukennari, og Björk Einisdóttir,
námsráðgjafi, fóru á skipulagsfund í Istanbul í Tyrklandi á dögnum og
hittu þar fulltrúa þátttökubjóða.

**Jenný Berglind og
Björk Einisdóttir
voru í Tyrklandi á
dögnum vegna
Comeniusar-
verkefnis**

Snemma í háttinn hress og kát í skólanum

Þann 1. september breyttist útivistartíminn og börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20:00. Unglingar 13 - 16 ára, þau sem eru í unglíngadeildum grunnskóla mega vera úti til kl. 22:00. Foreldrar hafa auðvitað fullan rétt á að stytta þennan útivistartíma og margir hafa gert það, sérstaklega foreldrar barna í 8. bekk.

Foreldrar og aðrir sem tengjast börnum eru hvattir til að virða reglur um útivistartímann. Börnin þurfa sinn svefn og mæta iðulega snemma í skólann. Hlúa þarf að heimalærdómi og gott er að eiga samverustundir inni á heimilinu á kvöldin. Hinsvegar hafa íþróttafélög og æskulýðsstarf Hafnarfjarðar undanþágurétt gagnvart þessum reglum en ljóst er að tilefni til undanþágu verða æ fátíðari. Þó eru

Brunavarnarvika í Áslandsskóla

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna efnir að venju til brunavarnarátaks um jól og áramót. Átakið hefst í brunavarnarviku daganna 22.-26. nóvember næstkomandi. Þá heimsækja slökkviliðsmenn nemendur í 3. bekkjum í grunnskólum um land allt og fræða þá um brunavarnir. Einnig gefst nemendum kostur á að taka þátt í brunavarnargetraun.



Brunavarnarvikan hefur verið haldin í góðu samstarfi við skólayfirvöld um áraradír.

Á aðventunni og fram yfir áramót er notkun opins elds og rafmagnstækja í hámarki og af því hafa hlotist eldsvoðar og alvarleg slys. Brunavarnarátak LSS miðar að því að hvetja almenning til varkárni í umgengni við eld og huga að brunavörnum á heimilinu.

Skólaliða vantar

Skólaliða vantar í forföllum í Áslandsskóla næstu vikurnar.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Leif skólastjóra eða Unni Elfu aðstoðarskólastjóra í síma 5854600 eða í töl vupósti

leifurs@ismennt.is eða ueg@ismennt.is

Árgangastjórar

Árgangastjórar á skól áár i nu eru fjórir talsins.

Rannveig Hafberg er árgangastjóri í 1. og 2. bekk.

Hulda Gunnarsdóttir er árgangastjóri í 3. og 4. bekk.

Auður Óskarsdóttir er árgangastjóri í 5.—7. bekk.

Kristín Jóna Magnúsdóttir er árgangastjóri í 8.—10. bekk.

Skólaheiti

Ég heiti því að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig.

Ég vil leggja mig fram um að bera virðingu fyrir sjálfum mér og öðrum.



Kríúási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandss@ismennt.is

www.aslandsskoli.is

Flórgoðinn

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri